**Bekkur**: 3.bekkur

**Námsgrein**: Enska

**Kennarar**: Marc Portal

**Tímafjöldi**: 1 tími á viku

**Námsgögn:**

Speak Out

Work Out

Build Up 1

Yes We Can 3 Student‘s Book

Yes We Can 3 Workbook

Youtube

Websites (gagnvirkir vefir)

Myndir

**Lykilhæfni:** Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

**Menningarlæsi:** tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.

**Námshæfni:** tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit

| **Efnisþættir** | **Hæfniviðmið** | **Kennsluhættir** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|
| Hlustun | Nemandi geti:<br><br>-Skilið einfalt mál og mjög stuttar setningar þegar talað er skýrt<br><br>-Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum<br><br>-Fylgt meginþræði í mjög einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli<br><br>-Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna<br><br>-Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir | • Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu | • Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á |
| Lesskilningur | Nemandi geti: | • Lestur í lestextum/heftum og | • Lesskilningspróf/kannanir |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | -Lesið og skilið stuttar setningar með grunnorðaforða daglegs lífs<br><br>-Skilið megininntak í mjög stuttum einföldum frásögnum með stuðningi, t.d. af myndum<br><br><br>-Lesið sér til gagns og gamans stuttar, mjög einfaldar sögur fyrir börn<br><br>-Sýnt fram á að hann þekki til þátta sem einkenna barna- viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra<br><br>-Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér myndir/myndbönd sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki | verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum<br>• Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning<br>• Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni. | |
| Ritun<br>-málnotkun<br>-málfræði | Nemandi geti:<br><br>-Skrifað mjög stuttar setningar, tengt saman | • Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni (orð eða stuttar setningar), bæði sem | • Skil á ritunarverkefnum<br>• Hefti/glósubók skoðuð reglulega |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin<br><br>-Skrifað stuttar setningar með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista<br><br>-Samið mjög stuttar setningar og smáskilaboð með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. | einstaklings og hópa-/paraverkefni. | |
| Frásögn og samskipti | Nemandi geti:<br><br>-Haldið uppi mjög einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda og beitt algengustu tillitsemi og kurteisisvenjum<br><br>-Skipst á upplýsingum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu<br><br>-Tekið þátt í samskiptaleikjum<br><br>-Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur | • Nemendur tjá sig munnlega á mjög einfaldan hátt bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni<br>• Nemendur tekur virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýnir tillitsemi | • Skil á myndbandsverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | -Sýnt fram á að hann kann skil á nokkrum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu<br><br>-Sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf<br><br>-Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu | | |